

Byrgið



Heildarvegalegd tæpir 6 km.

Byrjað í 200 m, 40 m hækkun.

Ekki bratt á fótinn

Létt ganga (2-3 klst)

Keyrt er upp Hrunamannahrepp, eftir vegi nr. 30 og

beygt heim að bænum Fossi, ofarlega í hreppnum.

Þar er afleggjari að eyðibýlinu Jötu (á hægri hönd).

Komið er að upplýsingaskilti og þar hefst gangan fram

Skipholtsfjall eftir merktri leið að byrginu sem fellur vel

inn í landslagið. Póstkassinn er áberandi og er nálægt

byrginu. Fyrir þá sem vilja er hægt að ganga áfram

fram í Kirkjuskarð eftir gömlum fjárgötum.

Byrgi Fjalla-Eyvindar er grjóthleðsla í Skipholtssjalli sem fannst fyrir tilviljun um miðja síðustu öld. Byrgið er gert úr hellugrjóti og fellur mjög vel inn í umhverfið. Hleðslan hefur varðveist vel og er talin gott vitni um vinnubrögð Fjalla-Eyvindar. Þetta er lítið bítubúr þar sem ætla má að bróðir Fjalla-Eyvindar, Jón í Skipholti hafi fært honum vistir.



Eyvindur Jónsson fæddist í Hlíð í Hrunamannahreppi árið 1714. Hann var einn af 10 börnum Jóns Jónssonar og Ragnheiðar Eyvindsdóttur. Eyvindur gerðist vinnumaður á Traðarholti og átti þar í ástarsambandi með heimasættunni Þóru. Nokkrum mánuðum síðar er ljóst að Þóra er barnshafandi og fer þá Eyvindur í næsta landsfjórðung. Talið er að annaðhvort hafi hann ekki viljað kvænast Þóru eða að hann hafi verið rekinn þaðan eftir ósætti við bóndann.

Hallast er að því fyrr nefnda og var hann í kjölfarið kærður fyrir þjófnað til sýslumanns og hefði átt að flytja hann heim nauðugan. Ári seinna var lýst eftir Eyvindi á Alþingi og sagt að hann væri stórlega grunaður um þjófnað, en þó ekki minnst einu orði á hverju hann hefði stolið. Rík áhersla var lögð á að flytja Eyvind heim að Traðarholti aftur. Eyvindur gat ekki hreinsað nafn sitt eins og svo margir menn á þessum tíma. Varð þá Eyvindur fyrr til og forðaði sér vestur með hesta sína. Þar er sagt að hann hafi kynnst Höllu Jónsdóttur sem var ekkja á Hrafnfjarðareyri. Talið er að þau hafi gengið í hjónaband og búið þar í nokkur ár áður en þau flúðu og gerðust útilegumenn.

Fjalla-Eyvindur er frægasti útilegumaður Íslands. Hann sker sig úr öllum útilegumönnum frá seinni öldum þar sem hann er sá eini þeirra, sem vitað er um, að hafa gert miðhálandi Íslands að heimili sínu. Hann lifði af gríðarlega köld og erfið ár vetur eftir vetur. Fjalla-Eyvindur var fyrst eftirlýstur á Alþingi þegar hann var aðeins þrítugur og hafði þá flúið til fjalla en ekki snúið aftur til byggða fyrr en um sextugt. Víða um land eru örnefni kennd við hann og þá helst á Vestfjörðum. Fjalla-Eyvindi var margt til listanna lagt og var talað um að hann væri mikill hagleiksmaður og hleðslumeistari. Hann hafði mikið verkvit enda hlóð hann upp kofa

sinn á Hveravöllum yfir heitan hver þar sem hann nýtti jarðhitann til að hita hús sitt og elda sér mat.

Byrgi hans og kofar þóttu mikil listaverk og má nefna að hann fléttaði körfur úr allskonar efniviði og voru sumar þeirra svo vel gerðar að þær héldu vatni. Fjalla-Eyvindur er talinn hafa verið mikill hestamaður, vel ríðandi og fljótur að ferðast um hálendið. Líklegt er að fáir hafi haft eins mikla þekkingu og yfirsýn yfir hálendið og þessi útlagi sem þekkti aðstæður betur en aðrir á þeim tíma.

Heimildir:

Guðmudnur G. Guðmundsson (2004). *Saga Fjalla-Eyvindar*. Hrafneyri: Vestfirska forlagið

Guðmundur P. Ólafsson (2000). *Hálendið*. Reykjavík: Mál og menning

Ólafur Briem.(1983). *Útilegumenn og auðar tóttir*. Reykjavík: Menningarsjóður

Séra Jónas Jónsson (1945). *Þjóðarhættir*. Reykjavík: